

MEÐGANGA FRÁ OG MEÐ 35 ÁRA ALDRI

ICD greiningar:

Z35.9 Eftirlit með áhættusamri þungun, ótilgreindri

Z35.5 Eftirlit með fullorðinni frumbyrju

Rannsóknir hafa sýnt að áhætta á meðgöngusjúkdómum og vandamálum tengt fæðingu eykst með hækkandi aldri og ef þungun er með gjafaegg er það viðbótaráhætta. Meiri líkur eru á því að konur 35 ára og eldri hafi sjúkdóma eða heilsufarsvanda sem geta haft þýðingu á meðgöngu.

Því er mikilvægt að hafa ákveðna þætti í huga við mæðravernd þessara kvenna.

Auknar líkur eru m.a. á:

- Blóðsega
- Fyrirburafæðingu
- Háþrýstingssjúkdómi/pre-eclampsíu.
- Sykursýki
- Vaxtarskerðingu

MÆÐRAVERND

Viðbótarskoðanir hjá fjölbyrjum ≥ 35 ára við 25 vikur, 31 viku og 40 vikur til þess að skima fyrir háþrýsting/pre-eclampsíu (BP mæling og þvagstix).

- Skima fyrir sykursýki hjá þeim sem eru ≥ 35 ára með sykurþolsprófi við 24-28 vikna meðgöngu
- Meta þörf á blóðasegavörn fyrir þær sem eru ≥ 35 ára
- Meta þörf á fyrirbyggjandi hjartamagnýli hjá þeim sem eru ≥ 40 ára
- Meta þörf á vaxtarmati með ómskoðun hjá þeim sem eru ≥ 40 ára
- Mælt er með að bjóða konum ≥ 40 ára framköllun fæðingar við 40 vikur